

Laugarvatni 12. apríl 2023

70 ára afmæli Menntaskólans að Laugarvatni

Ávarp skólameistara

Hæstvirtur forseti Íslands, ágætu gestir, ML-ingar. Verið velkomin til afmælisfagnaðar Menntaskólans að Laugarvatni; þriðji elsti framhaldsskóli landsins fagnar sjötíu ára afmæli í dag en stofndagur skólans var 12. apríl 1953.

Stofnun Menntaskólans að Laugarvatni gekk ekki þrautalaust fyrir sig og elja og metnaður Bjarna Bjarnasonar og fleiri góðra manna fyrir því að fá stofnaðan menntaskóla að Laugarvatni verður seint ofmetinn. Menntasaga skólans hefst í raun með stofnun Héraðsskólans árið 1928 en farið var á leit við Menntamálaráðherra að stofnuð yrði framhaldsdeild og síðar menntaskóli fyrir þá nemendur skólans sem stæðust landspróf. Fyrstu árin námu nemendur að Laugarvatni en þreyttu próf við Menntaskólann í Reykjavík og útskrifaðist fyrsti hópurinn einmitt þaðan hinn 16. júní 1952. Fyrsta útskriftin frá Laugarvatni varð svo vorið 1954, rúmu ári eftir formlega stofnun skólans.

Án þess að fara ítarlegar í saumana á stofnun skólans má ég til með að lesa fyrir ykkur eftirfarandi tilvitnun úr sögubók skólans um stofnun ML og hlut Bjarna Bjarnasonar í málinu: „Þekking Bjarna á skólakerfinu og ítök hans í stjórnkerfinu birtust í allri baráttu hans. Hann hóf menntaskólastarfið á Laugarvatni hljóðlega og hafði sem minnst samskipti við ráðamenn um málið þannig að þeir áttuðu sig ekki á alvörunni sem bjó að baki.“ Að framkvæma fyrst og spyrja svo reyndist Bjarna farsæl leið í þessu máli.

Við stofnun skólans færði Jónas Jónsson frá Hriflu, skólanum gjöf en þar var um að ræða þennan fána sem þið sjáið hér. Fáninn er Hvítblái Einars Benediktssonar og var útfararfáni skáldsins. Fána þennan sá Einar upphaflega fyrir sér sem þjóðfána Íslendinga en hefur í seinni tíð fengið það hlutverk að vera einkennisfáni Menntaskólans að Laugarvatni og var það Sveinn Þórðarson, sem fyrstur gegndi embætti skólameistara Menntaskólans að Laugarvatni, sem ákvað að fáninn skyldi vera í merki skólans. Fáninn er gersemi mikil og hefur hann verið varðveittur í skólanum af tilhlýðilegri virðingu og er honum einungis flaggað við

hátiðlegustu tilefni. Sveinn mótaði einnig þá hefð að ljóðið „Til fánans“ yrði skólasöngurinn. Nánar er hægt að lesa sér til um sögu og stofnun Menntaskólans að Laugarvatni í sögubók skólans „Menntaskólinn að Laugarvatni, Forsaga, stofnun og saga til aldarloka“ sem kom út árið 2001. Bókin fjallar um fyrstu fimmtíu árin í sögu skólans og ég hef lúmskan grun um að sagnfræðingurinn og forseti vor sé hingað kominn í dag ekki einungis til að bragða á afmælistökunni heldur ekki síst til að skyggjast inn í téða sögubók skólans. Ég mun því færa Guðna bókina að gjöf hér á eftir.

### **Á tímamótum sem þessum er gott að horfa yfir farinn veg. Á hvaða grunni byggjum við skólastarf dagsins í dag?**

Í ML byggjum við á ríkum hefðum og sögu sem ber að virða um leið og við nálgumst skólastarfið og hefðirnar með það í huga að gera gott betra og færa til nútímagilda. Fyrst og fremst er öflugt nám áhersla okkar hér við ML en hliðarafurðin sem skapast innan skólans og heimavistanna er ekki síður mikilvæg. Samfélagið sem skapast á milli nemenda er einstakt. Nemendur okkar búa að því alla ævi margir hverjir að eiga vinalóp hédan úr skólanum og sameiginleg reynsla þeirra sem búa saman í nokkur ár skapar órjúfanleg tengsl. Útskriftarnema skólans þetta árið varð að orði við starfsmann skólans „Var ekki hægt að vara mann við?“ Nú, við hverju? Spyr starfsmaðurinn. „Að það yrði svona erfitt að kveðja og fara?“ Þessi orð voru látin falla í mars og því er kveðjustundin greinilega í hugum útskriftarnema alla vorönnina.

En hlutverki ML-inga er hvergi nærri lokið við útskrift. Að útskrift lokinni eru nemendur orðnir hluti af Nemel. Nemendasamband Menntaskólans að Laugarvatni er einstök perla og hefur skólinn notið þeirrar hlýju og þess kærleiks sem það hefur sent skólanum sínum frá stofnun sambandsins árið 1965. Það öfluga samfélag sem skapast hefur innan Nemel er órjúfanlegur hluti skólans og mikill styrkur fyrir skólann. Við ræddum saman um Nemel við Bubba þegar við hittumst að morgni Páskadags við morgunmessu í N-stofu. Það sem stendur upp úr í huga okkar beggja er þessi hlýhugur og kærleikur sem er samofinn Menntaskólanum að Laugarvatni. Þessi tilfinning sem Óðinn Valdimarsson gerði ódauðleg: „Að vera fagnað höndum tveim“.

Það er nefnilega lífsstíll að vera ML-ingur. Það er ævilangt hlutverk að vera hluti af nemendasamfélagi ML og hér tilheyra ML-ingar. Á hverju ári koma

júbilantar að Laugarvatni til að heiðra gamla skólann sinn.

Útskriftardagurinn er ætíð mikil helgistund og þá eru nýstúdentar í aðalhlutverki og starfsfólk Menntaskólans leggur **metnað** sinn í að gera daginn sem fallegastan. Þeir árgangar sem fagna útskriftarafmæli sínu eru oftast en ekki viðstaddir brautskráningu nýstúdenta og eyða svo kvöldi þess dags í skólanum sínum og gleðjast með gömlu bekkjarfélögunum, rifja upp góðar stundir og fagna því að vera saman. Hér með okkur í dag er til að mynda nemandi úr fyrsta útskriftarhópi skólans (Óskar Hafsteinn Ólafsson) sem mun fagna 70 ára útskriftarafmæli á næsta ári. Kæra Nemel, stuðningur ykkar og hlýja er skólanum ómetanleg.

### **En hver verður framtíð Menntaskólans?**

Við horfum óhrædd fram á næstu tæknibyltingar viss um að nemendur Menntaskólans að Laugarvatni fái það allra besta veganesti sem íslenskt menntakerfi hefur upp á að bjóða. Hér starfar mikið fagfólk og forréttindi að fá að starfa í svo öflugum hópi. Hlutverk menntafólks á Íslandi er ekki lítið enda vinnum við að því að móta framtíð þessa lands. Móta unga hugi og aðstoða við þau að sjá hvert skal stefna en ekki síst til að fella ósýnilega múra sem eru illkleifir en verða yfirstíganlegir með réttu leiðsögninni.

Grunnurinn að hverju samfélagi liggur í öflugu menntakerfi. Hver eining innan íslenska menntakerfisins er mikilvægur hlekkur í keðjunni og jafnt aðgengi að námi með fjölbreyttu námsframboði til lands og sveita verður að vera keppikefli okkar Íslendinga. Námi til stúdentsprófs er ekki lengur á færi hinna fáu heldur ætlað öllum. Hlutverk **foreldra** er að styðja börnin sín til mennta, til dáða. Hlutverk **skólanna** að tryggja gæði námsins og að innihaldið sé af þeim bestu gæðum sem völ er á hverju sinni. Hlutverk **samfélagsins** er að tryggja jafnt aðgengi barna til náms, óháð búsetu þeirra eða félagslegum aðstæðum.

En hlutverk skólameistara hefur verið mér hugleikið undanfarin misseri enda hef ég verið að máta sjálfa mig við þetta nýja hlutverk. Eftirgrennslan mín og vangaveltur hafa skilað mér frekar einfaldri niðurstöðu þó að framkvæmdin sé ekki eins einföld.

Hlutverk skólameistara er að efla gott menntastarf með því að að greiða götu öflugra kennara og styðja þá í sínu faglega starfi.

Hlutverk hennar er einnig að hlúa að og láta sér annt um Menntaskólann að Laugarvatni og alla nemendur hans.

Skólameistari ber ábyrgð á að byggja upp gott starf skólans en fyrst og síðast að láta sig varða velferð og framtíð unga fólksins, framtíðarinnar. Ég get ekki betur séð en að framtíðin sé björt í ljósi þess efniviðs sem við höfum úr að moða hér í ML.

Ég kynni til leiks, Agnesi Fríðu Þórðardóttur, sem er núverandi stallari nemendafélagsins Mímis. Agnes hefur verið starfandi stallari frá því í febrúar og var annar leikstjóra Sódómu Reykjavíkur sem leiklistardeild ML setti á svið í Aratungu fyrir nokkrum vikum síðan. Hún ætlar að veita okkur innsýn inn í það hvernig er að vera nemandi við ML árið 2023.

:::Ávarp frá Agnes Fríðu Þórðardóttur, stallara Mímis:::

Menntaskólinn að Laugarvatni stendur nú á ákveðnum tímamótum. Við fimmtíu ára afmæli skólans var Halldór Páll Halldórsson nokkuð nýlega tekinn við sem skólameistari ML og Kristinn Kristmundsson sestur í helgan stein. Ég má til með að þakka henni Bubbu okkar sérstaklega fyrir komuna í dag en hún er ætíð dugleg að sækja allar þær hátíðarsamkomur er viðkoma Menntaskólanum. Fyrir þá sem ekki vita þá var Kristinn Kristmundsson maðurinn hennar Bubbu en hún starfaði einnig við skólann í áraraðir.

**Núna**, við sjötugsafmælið, er Halldór kominn á virðulegan aldur og af því tilefni verður afhjúpað málverk af honum hér á eftir. Málverkið er gjöf til skólans frá útskrifuðum nemendum og mun hanga á vegg í ML um ókomna tíð. Gunnar Júlíusson, listamaðurinn sem málaði verkið mun segja okkur betur frá verkinu og afhjúpa það hér á eftir.

Halldór Páll, eða Halli Palli eins og ML-ingar áttu til að kalla hann, er vissulega kominn á eftirlaun en gerir sér fyllilega grein fyrir því að um æviráðningu er að ræða. Við væntum þess að hann verði hér viðstaddur allar merkisstundir, útskriftir og annað er markvert þykir hér eftir sem hingað til. Við afmælishúsping í morgun fengu nemendur og starfsfólk skólans bakpoka að gjöf með logo-i skólans og nafninu sínu. Halldóri Páli mun ég svo rétta samskonar bakpoka með viðurnefninu góða – Halli Palli, ég vona að hann fyrirgefi mér það. Eins fylgir bakpokanum skiltið sem hékk við skrifstofu skólameistara með kæru þakklæti fyrir samstarfið, leiðsögnina og þjónustuna við skólann. Sjötti skólameistarinn, Jóna Katrín, er nýtekin við embætti og því aldeilis viðeigandi að sjötti forseti íslenska lýðveldisins, Guðni Th. Jóhannesson, sé hér með okkur í dag.

Kærar þakkir fyrir góða áheyrn og gjörðu svo vel Guðni.

∴

Nú fer að líða að lokum þessarar dagskrár en henni ljúkum við með því að syngja skólasönginn okkar „Til fánans“ eftir Einar Benediktsson. Sungin eru tvö erindi og munum við syngja saman, allir viðstaddir og kórinn styður okkur í strembinni laglínunni.

Að söngnum loknum verður stefnan tekin upp í Menntaskóla þar sem húsið er opið. Ýmsir hlutir og myndbönd sem tengjast skólastarfinu verða til sýnis í skólastofum, á bókasafninu og í flestum rýmum í skólahúsinu.

Eins verður hægt að röлта um á heimavistum og fá að litast inn í heimavistarherbergi á Fjarvist, Nös og Kös – opið verður inn í þau herbergi sem verða til sýnis. Ég hvet ykkur einnig til að líta við í Baðstofunni, eða Turninum eins og við nefnum rýmið í dag, sem er námsaðstaða nemenda, en útsýnið úr stiganum við Turninn er óviðjafnanlegt.

Nemendur skólans ætla að vera gestum innan handar og leiðbeina og leiðsegja eftir þörfum. Ég treysti því að þið innheimtið leiðsögnina frá okkar góða fólki.

Afmælisgjöf kennara ML til skólans er að endurnefna skólastofurnar og kenna þær við landfræðileg heiti í nágrenni skólans. Nýju nöfnin hanga nú á blöðum við þau rými sem um ræðir uppi í ML og er gestum afmælishátíðar gefið tækifæri til að hafa skoðun á nafngiftinni.

Blað og blýantur verða til staðar og gestir mega koma með ábendingar og segja skoðun sína á nýju nöfnunum. Kennarahópnum þakkar skólameistari sérstaklega fyrir framtakið og fallega gjöf til skólans.

Svo verða afmælistaka og kaffi í boði inni í matsal og við vonum að þið njótið þess að röлта um skólann, hittast og tala saman. Við finnum það svo sannarlega nú þegar Covid-drepsóttin hefur losað hald sitt á heimsbyggðinni að maður er manns gaman og það er svo gott að spjalla.

Að lokum vil ég þakka velunnurum skólans og góðum gestum fyrir komuna og óska okkur öllum til hamingju með afmælið. Megi Menntaskólinn að Laugarvatni eiga farsæl næstu 70 ár!